

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 59. fundur.

að Hlíðavegi 6, 18. ágúst 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
 2. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 11. júlí.
 3. Erindi Gísla Sverrissonar vegna tjaldsvæða.
 4. Fjárveiting til styrkvega.
 5. Gjafabréf Stefáns Gunnarssonar, Garðabæ, vegna málverks af Skútustöðum.
 6. Skipan formanns slægjunefndar.
- Til kynningar: Bréf Þorgerðar Benediktsdóttur um Bókasafn Mývatnssveitar dags. 17. júlí 2005.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Ingigerður Arnljótsdóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og bauð sveitarstjórn velkomna úr sumarleyfi.

2. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 11. júlí.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

3. Erindi Gísla Sverrissonar vegna tjaldsvæða.

Sveitarstjórn hefur borist eftirfarandi bréf frá Gísla Sverrissyni:

Mývatnssveit 28.07.2005

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps
Hlíðarvegi
660 Mývatn

Undirritaður fyrir hönd Hlíðar ferðarþjónustu óskar hér með eftir að sveitarstjórn Skútustaðahrepps stöðvi nú þegar tjöldun utan skipulagðra tjaldsvæða hjá Vogabændum og Ferðarþjónustunni Bjargi. Á báðum stöðum er tjaldað á svæðum sem eru um 30% stærri en heimilt er að tjalda á. Sveitarstjórn er skylt að fylgja því eftir að farið sé eftir gildandi skipulagi.

Hlíð ferðarþjónusta áskilur sér allan rétt til að krefja sveitarstjórn Skútustaðahrepps skaðabóta vegna þess tjóns sem af þessari ólöglegu tjöldun hlýst og Hlíð ferðarþjónusta verður fyrir.

Þessi stækkun tjaldsvæða Vogabænda og Ferðarþjónustunnar á Bjargi hefur veruleg áhrif á samkeppnisstöðu tjaldsvæða í sveitinni og verður þess valdandi að forsendur kaupsamnings Hlíðar ferðarþjónustu á tjaldsvæðum Skútustaðahrepps eru brostnar.

Kaupsamningur Hlíðar ferðarþjónustu byggist á því að bæði kaupanda og seljanda er skylt að varðveita það veð sem í eignunum og rekstrinum felst. Þetta hefur Hlíð ferðarþjónusta gert en sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ekki séð til þess að rekstrarforsendur fyrirtækisins séu þær sömu og voru þegar Skútustaðahreppur rak tjaldsvæðin og forsendur kaupsamningsins byggja á.

Með von um skjót viðbrögð
Gísli Sverrisson

Sveitarstjórn veit ekki til þess að tjaldað sé utan skipulagðra tjaldsvæða. Sveitarstjórn áttar sig ekki á að forsendur kaupsamnings Hlíðar ferðarþjónustu og Skútustaðahrepps frá 31.5. 1995 séu brostnar. Hlíð ferðarþjónusta hefur margsinis verið bent á að hægt sé að taka upp viðræður um endurskoðun kaupsamnings, en frumkvæðið verði að vera hjá Hlíð ferðarþjónustu. Engin slík beiðni hefur enn borist. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er reiðubúin að taka á móti Gísla Sverrissyni til viðræðna um þessi mál á reglulegum sveitarstjórnarfundi, óski hann þess.

4. Fjárveiting til styrkvega.

Á síðasta ári var Skútustaðahreppi úthlutað 500 þús. kr. framlagi úr styrkvegasjóði til endurbóta á vegi í Lúdentaborgir og/eða á Gufubaðsvegi. Vegagerðin tók síðan að sér að gera Gufubaðsveg. Sveitarstjóri hefur kannað að þessi fjárveiting sé til reiðu og þá til endurbóta á á vegi í Lúdentaborgir. Sveitarstjóra falið að ræða við landeigendur á Geiteyjarströnd og Kálfaströnd um málið og ganga til viðræðna við verktaka um framkvæmdir.

5. Gjafabréf Stefáns Gunnarssonar, Garðabæ, vegna málverks af Skútustöðum.

Nýverið kom Stefán Gunnarsson, Garðabæ og frú hans á fund sveitarstjóra og afhentu honum bréf það sem hér fer á eftir ásamt málverki því sem um getur. Sveitarstjórn þakkar þessa höfðinglegu gjöf og heitir að gæta þessa fallega málverks með sóma. Enn fremur er sveitarstjóra falið að koma frekara þakklæti á framfæri við gefendur.

Í júlí 2005.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps,
Reykjahlíð,
Mývatnssveit.

Með bréfi þessu fylgir olíumálverk af staðnum Skútustöðum, sem málað er árið 1934 af Eyjólfí Eyfells, listmálara. Málverk þetta eignaðis, fyrir margt löngu, sr. Gunnar Árnason, sem lengi kenndi sig við Skútustaði, "Gunnar Árnason frá Skútustöðum", enda fæddur þar og átti þar sín æskuár, var að ævistarfi prestur fyrst í Húnavatnssýslu og síðar í Kópavogi. Gunnar Árnason, var fæddur 13. Júní 1901, dó 31. júlí 1985, eiginkona hans var Sigríður Stefánsdóttir frá Auðkúlu, Austur-Húnavatnssýslu, fædd 27. nóv. 1903 dó 26. okt. 1970 Foreldrar Gunnars voru sr. Árni Jónsson á Skútustöðum og síðari kona hans, Auður Gísladóttir frá Þverá í Dalsmynni. Frændgarður hans stendur enn styrkum stoðum í Þingeyjarsýslu, ekki síst í Mývatnssveit. Málverk það, sem hér um ræðir, eignaðist ég, undirritaður, sem arf úr búi foreldra minna, Gunnars Árnasonar og Sigríðar Stefánsdóttur. Það er nú sameiginleg ósk fjölskyldu minnar, eiginkonu og barna, að Skútustaðahreppur þiggi málverið að gjöf, enda teljum við að varðveislu þess sé með því best borgið um leið og við látum þá von í ljósi að það megi hafa nokkurt gildi fyrir samfélagið í Mývatnssveit að eiga þá mynd, sem sýnir staðinn Skútustaði á árinu 1934.

Með vinsemd og viðringu,

Stefán M. Gunnarsson
Eyktarhæð 5
210 Garðabæ

6. Skipan formanns slægjunefndar.

Samþykkt að skipa Finn Baldursson, form. nefndarinnar að þessu sinni.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Ingigerður Arnljótsdóttir,
Böðvar Pétusson.